

Lokaskýrsla til Kennslumálasjóðs vegna styrkveitingar

Kennslumálasjóður veitti undirrituðum styrk þ. 13. apríl sl. til að standa straum af hluta ferðakostnaðar 10 starfsmanna og doktorsnema Mála- og menningardeildar HÍ fyrir hópferð til Kína þar sem m.a. var sótt málþingið *Communicating Cultures and Languages: Chinese-Icelandic Perspectives and Experiences* við Beijing Foreign Studies University (Beijing waiguo yuyan daxue) sem fram fór þ. 4. júní. Undirritaður átti þátt í skipulagningu málþingsins ásamt Wang Shuhui, fyrrum nemanda í íslensku sem öðru máli við HÍ og núverandi greinarformanni námsleiðar í íslensku við BFSU. Dagskrá málþingsins fylgir þessari skýrslu.

Málþingið snerist einkum um miðlun og kennslu tungumála og framandi menningar. Áherslan var raunar einkum á íslensku, enda nýttu forsvarsmenn BFSU tilefnið til að setja formlega á stofn Rannsóknarsetur um íslensk fræði (Bingdao yanjiu zhongxin) sem mun hafa staðið til um nokkurt skeið. Var sendiherra Íslands í Kína, Gunnari Snorra Gunnarssyni, boðið að afhjúpa skilti miðstöðvarinnar ásamt Peng Long, rektor BFSU, og setja hana um leið formlega á stofn.



Rannsóknarsetri um íslensk fræði við Beijing waiguo yuan daxue formlega komið á fót

BFSU er fremsti háskóli í Kína á sviði tungumála- og menningarfræðslu og því nokkurs konar risaútgáfa Mála- og menningardeildar. Þar eru nú kennd yfir 90 tungumál og gert ráð fyrir að þeim

fjölgi í yfir 100 á næstunni. Íslenska hefur þar verið kennd síðan 2007 og hafa tugir kínverskra ungmenna útskrifast úr námsleiðinni síðan henni var komið á fót. Eins og áður segir er fyrrum nemandi HÍ í íslensku sem öðru máli, Wang Shuhui, greinarformaður námsleiðarinnar.

Rannsóknarsetur um íslensk fræði við BFSU

Meðal þátttakenda á málþinginu voru kennarar HÍ á sviði ensku, dönsku, frönskum fræðum, spænsku, rússnesku, japönsku, kínverskum fræðum, Mið-Austurlandafræðum (arabísku), grísku og latínu, alls 18 manns, en einnig var hópurinn þeirrar gæfu aðnjótandi að með í för slógust Sebastian Drude, forstöðumaður



Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, Katrín Axelsdóttir, lektor í íslensku sem öðru máli, Friðgeir Börkur Hansen, prófessor á Menntavísindasviði og Unnur Birna Karlsdóttir, sérfræðingur við Rannsóknarsetur HÍ á Austurlandi. Að auki tóku alls átta starfsmenn BFSU þátt í málþinginu.



Þátttakendur í málþinginu við BFSU ásamt Gunnari Snorra Gunnarssyni, sendiherra, og Peng Long, rektor BFSU.

Skemmst er frá því að segja að málþingið heppnaðist einstaklega vel og var ekki síður skemmtilegt en lærdómsríkt. Innsýn fékkst í kennsluáferðir og –aðstæður BFSU en

jafnframt í aðstæður annarra námsleiða sem kenndar eru við HÍ. Spunnust afar athyglisverðar og frjóar umræður um kennslumál og þær ólíku og oft sértæku áskoranir sem mæta kennurum á sviði mismunandi tungumála og menningarheilda. Um kvöldið var öllum þátttakendum boðið í glæsilega móttöku í íslenska sendiherrabústaðnum þar sem áfram var haldið að skrafa og skiptast á skoðunum um hin margvíslegu umfjöllunarefni dagsins.

Öllum styrknum, alls einni milljón, var varið til að styrkja þá starfsmenn og doktorsnema sem vildu taka þátt í ferðinni en hafa takmarkaðan aðgang að sjóðum til að mæta kostnaði við hana. Ljóst er að án styrksins myndu a.m.k. sumir þeirra ekki hafa séð sér fært að vera með í för. Hann skipti því tvímælalaust sköpum fyrir þessa einstaklinga. Styrknum var skipt upp með eftirfarandi hætti:

Ásrún Jóhannsdóttir: 145.000 kr.
Jón Símon Markússon: 145.000 kr.
Ingunn Hreinberg Indriðadóttir: 145.000 kr.
Pórir Jónsson Hraundal: 145.000 kr.
Geir Þórarinn Þórarinsson: 95.000 kr.
Rebekka Þráinsdóttir: 95.000 kr.
Þórhildur Oddsdóttir: 95.000 kr.
Gísli Magnússon: 45.000 kr.
Gregory Alan Phipps: 45.000 kr.
Katrín Axelsdóttir: 45.000 kr.

Við þetta má bæta að hópurinn sem taldi alls 33 manns, að meðtöldum mökum og öðrum ferðafélögum, hélt þ. 6 júní í höfuðstöðvar Konfúsíusarstofnana, Hanban, í Beijing til að kynna sér starfsemina en hún felur í sér rekstur um 700 stofnana víða um heim. Að því loknu tók við fimm daga ferðalag til hinnar fornu höfuðborgar Xi'an og hinnar nútímalegu viðskiptaborgar Shanghai með tilheyrandi menningarfræðslu en skipuleggjendur ferðarinnar voru undirritaður og Magnús Björnsson, forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.




Hópurinn í heimsókn í höfuðstöðvum Hanban í Beijing

Ein upphafleg ástæða þess að halda í ferð sem þessa var sú að gefa kollegum kleift að kynnst af eigin raun menningarsvæði sem á sér samsvarandi námsleið innan Mála- og menningardeildar. Að

mati undirritaðs tókst þetta í alla staði prýðilega. Í heild var ferðin sérlega vel heppnuð, áhuginn á Kína og kínversku samfélagi reyndist mikill og fór vaxandi með hverjum deginum. Sögufrægir staðir voru heimsóttir, m.a. Kínamúrinn, leirhermennirnir í Xi'an og „Búndið“ í Shanghai. Að auki telur undirritaður víst að samveran þessa tíu daga í Kína hafi styrkt gagnkvæma virðingu, vináttu og samstöðu innan deildarinnar, auk þess sem mikill ábati hafi verið af nánari kynnum við þá aðra starfsmenn HÍ sem með voru í för. Því eru vonir bundnar við að haldið verði í fleiri ferðir á borð við þessa í framtíðinni.

Vill undirritaður þakka af heilum hug fyrir styrkinn sem hann telur að hafi verið vel varið. Þess er jafnframt farið á leit að lokagreiðsla verði greidd inn á rannsóknarreikning með verknúmeri 1373-137385.

Með þökk og kærri kveðju,


Geir Sigurðsson